

Loðnuvinnslan hf.
Skólavegi 59
750 Fáskrúðsfjörður

Reykjavík 26. júlí 2018
UST201802-003/H.G.
08.10.02

Áminning og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 5. febrúar 2018 þar sem stofnunin áformaði að áminna Loðnuvinnsluna hf. vegna tveggja fráviks er fram komu í eftirliti í starfsstöð rekstraraðila í Fáskrúðsfirði, þann 17. október 2017.

Frávikin voru eftirfarandi:

1. **Gr. 2.13 í starfsleyfi.** Útblásturshraði í reykháfi nær ekki tilskildum 20 m/s. *Skýrsla um mælingar á útblásturshraða barst með tölvupósti þann 13. febrúar 2018. Útblásturshraði mældist 24,3 m/s og telst því frávik lokið.*
2. **Gr. 5.2 í starfsleyfi.** Heildarúttekt á losun mengandi efna í fráveitu frá fiskmjölsverksmiðjunni hefur ekki borist.

Mælingar á heildarfrárennsli frá fiskmjölsverksmiðju Loðnuvinnslunnar Fáskúðsfirði við kolmunnavinnslu barst með tölvupósti 6. júní sl. Þó vantar enn mælingar úr öðrum vertíðum skv. gr. 5.2 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal láta framkvæma heildarúttekt á losun mengandi efna í samráði við Umhverfisstofnun en skilafrestur var til 1. maí 2016. Tímasett úrbótaáætlun um mælingar til að ljúka heildarúttekt í frárennsli hefur ekki verið lögð fyrir til samþykktar. **Því veitir Umhverfisstofnun Loðnuvinnslunni áminningu og krefst úrbóta vegna fráviks nr. 2, sbr. 2. tl. 1. mgr. 60. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frest til að senda inn tímasetta úrbótaáætlun eða staðfestingu á úrbótum til og með 1. september nk.**

Sinni rekstraraðili ekki tilmælum Umhverfisstofnunar innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir allt að upphæð 500.000 kr. á dag þar til úr er bætt, sbr. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 2. mgr. 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018, með síðari breytingum. Þær aðgerðir yrðu þó áformaðar sérstaklega og andmælafrestur veittur.


Umhverfisstofnun bendir á að heimilt er að vísa ákvörðun þessari til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru fer samkvæmt lögum nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni frávika verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er kr. 58.740.**

Gögnum skal skila í pósti til Umhverfisstofnunar eða á netfangið ust@ust.is.

Virðingarfyllst



Sigrún Ágústsdóttir
sviðsstjóri

Hlín Gísladóttir
lögfræðingur